

Reykjavík, 05. 01 2012

Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2020, þingskjal 418 - 342. mál.

1. Atriði sem fjallað er í athugasemdum við fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014 eiga eftir atvikum einnig við um þessa áætlun.
2. Í næst síðustu málsgrein í umfjöllun Innanríkisráðuneytisins er fjallað um tæknilega möguleika á nýta varðskip og eftirlitsflugvél sem einskonar hreyfanlega fjarskiptagátt. Bent er áð þetta hefur ekki verið prófað né æft og því óvíst hvort eða með hvaða hætti þetta virkar. Auk þess er hægt að vera færanlega aðstöðu eða kerru búna sem færanleg fjarskiptastöð sem gegnir sama hlutverki.
3. Í síðustu setningu síðustu málsgreinar í umfjöllun Innanríkisráðuneytisins er tekið fram að það þurfi að vakta vinnurás 9 vegna krafna um handmendingar í og úr höfnum. Þetta er ekki rétt þar sem ekki er krafa um þetta í lögum eða reglugerðum. Hér áður fyrr var þetta krafa en svo er ekki lengur. Í lögum um fiskveiðieftirlit er fjallað um tilkynningaskyldu þegar komið er til hafnar en þar er vísað til þess að nota rás 9.
4. Í umfjöllun Utanríkisráðuneytisins og aftur á bls. 25 undir greininni „Horfur“ er fullyrt að ljósleiðarar í streng sem liggur á milli ratsjárstöðva sé í eigu Atlandshafsbandalagsins. Dregið er í efa að þessi fullyrðing um eignarhald sé rétt heldur séu umræddir ljósleiðarar eign íslenska ríkisins. Staðfestingu þessa á að vera einfalt að finna í samningum þeim gerðir voru þegar ákveðið var að leggja umrædda strengi.
5. Í umfjöllun á bls. 15 um EES-samninginn er ekki fjallað um eCall fjarskiptaverkefnið sem er afar mikilvægt kerfi fyrir vegfarendur sem lenda í slysi. Rétt er geta þess í umræddri umfjöllun.